

Miðvikudaginn 6. júní 1962.

Nr. 189/1961. **Arnaldur Guttormsson,**
Egill Guttormsson,
Þórunn Guttormsdóttir,
Valgerður Guttormsdóttir og
Margrét Guttormsdóttir
 (Páll S. Pálsson hrl.)
 gegn
Einari Guttormssyni og
Stefáni Júlíussyni (Friðrik Magnússon hrl.).

Dómenndur:
 hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tyggvason,
 Gizur Bergsteinsson og Lárus Jóhannesson og Magnús Torfason
 prófessor.

Jörð eigi talin ættarjörð samkvæmt 7. kafla laga nr. 116/1943.

Dómur Hæstaréttar.

Friðjón Skarphéðinsson, sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 14. desember 1961 og gert eftirfarandi réttarkröfur:

„Að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið, og að ákveðið verði með dómi réttarins, að rift sé kaupum og ógilt afsalsbréf fyrir jörðinni Ósi í Arnarneshreppi, Eyjafjarðarsýslu, til stefnda Stefáns Júlíussonar, dagsett 27. marz 1961, innritað í veðmálabækur hinn 28. sama mánaðar til fyrirfram þinglýsingar á manntalsþingi í Arnarneshreppi, og

að viðurkennt verði, að jörðin Ós í Arnarneshreppi lúti sem ættarjörð reglum 7. kafla laga nr. 116 frá 30. desember 1943, sbr. lög nr. 16 frá 22. febrúar 1950, um ættaróðul og erfðaábúð.“

Þá krefjast þeir og málskostnaðar úr höndum stefndu in solidum í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

Áfrýjendur hafa ekki sannað, að jörðin Ós í Arnarneshreppi hafi verið óslitið í ætt þeirra þann tíma, sem 26. gr. laga nr. 116/1943 með breytingum samkvæmt 3. gr. laga nr. 16/1950 áskilur, til þess að jörð verði talin ættarjörð gegn vilja jarðareiganda. Ber þegar af þeirri ástæðu að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjendum in solidum að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Arnaldur Guttormsson, Egill Guttormsson, Valgerður Guttormsdóttir, Þórunn Guttormsdóttir og Margrét Guttormsdóttir, greiði óskipt stefndu, Einari Guttormssyni og Stefáni Júlíussyni, kr. 10.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Eyjafjarðarsýslu 3. október 1961.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 25. f. m., hafa stefnendur, þeir Arnaldur Guttormsson skrifstofumaður, Þingvallastræti 27, Akureyri, Egill Guttormsson, Víðimel 25, Reykjavík, Þórunn Guttormsdóttir, Ránargötu 12, Akureyri, Valgerður Guttormsdóttir, Strandgötu 27, Akureyri, og Margrét Guttormsdóttir, Ásláksstöðum, Arnarneshreppi, höfðað fyrir aukadómþingi Eyjafjarðarsýslu með stefnu, útgefinni 2. júní s.l., á hendur Einari Guttormssyni, Hrafnagilsstræti 23, Akureyri, og Stefáni Júlíussyni, Leifsstöðum, Svalbarðsstrandarhreppi, til réttargæzlu, en við þingfestingu höfðu stefnendur uppi sömu kröfur á hendur Stefáni Júlíussyni og stefnda Einari, og samþykkti Stefán að svara til þeirra krafna án stefnu.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að stefndu verði dæmdir til að þola riftingu á kaupum og ógildingu á afsalsbréfi fyrir jörðinni Ósi í Arnarneshreppi, dagsettu 27. marz 1961 og innrituðu til þinglýsingar hinn 28. sama mán., en afsalið er gefið út af stefnda Einari Guttormssyni til stefnda Stefáns Júlíussonar. Ennfremur að viðurkennt verði með dómi, að jörðin Ós sé ættar-

jörð og lúti reglum 7. kafla laga nr. 116/1943 um ættaróðul og erfðaábúð.

Þá krefjast stefnendur málskostnaðar úr hendi stefndu.

Hinir stefndu krefjast hins vegar sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnenda.

Málavextir eru þeir, að með fyrrgreindu afsali afsalar stefndi Einar Guttormsson til meðstefnda Stefáns Júlíussonar jörðinni Ósi fyrir kr. 150.000.00. Ábúandi jarðarinnar og hreppsnefnd Arnarneshrepps höfðu afsalað sér forkaupsrétti að jörðinni.

Þegar næsta dag eftir að afsalið var innritað til þinglýsingar, óskuðu stefnendur þessa máls, sem eru systkini stefnda Einars Guttormssonar, að innritað yrði til þinglýsingar í Arnarneshreppi mótmælabréf um sölu jarðarinnar til meðstefnda Stefáns, þar sem jörðin væri háð ákvæðum laga um ættaróðal og erfðaábúð og samkvæmt þeim lögum ættu stefnendur forkaupsrétt að jörðinni. Bréf þetta er dagsett 20. marz 1961 og þá strax sent sýslumanni Eyjafjarðarsýslu og stílað til hans.

Af hálfu stefnenda er því haldið fram, að Einar Ásmundsson í Nesi hafi eignast jörðina Ós fyrir 5. janúar 1886. Að honum látnum erfði sonur hans, Guttormur, hana samkvæmt skipta-gerningi, dags. 22. des. 1895. Sonur hans Einar, stefndi í mál þessu, eignaðist síðan jörðina með kaupsamningi 21. sept. 1917 og afsali 4. júlí 1918 frá móður sinni, sem þá var ekkja. Hefur Einar átt jörðina síðan þar til nú.

Samkvæmt þessu telja stefnendur, að jörðin hafi verið sam-fellt í eign sömu ættar í 75 ár og megi því ekki ráðstafa henni nema í samræmi við 7. kafla laga um ættaróðöl og erfðaábúð. Eftir ákvæðum þeirra laga, sbr. lög nr. 16/1950, 3. gr., eiga niðj-ar eiganda forkaupsrétt að ættarjörðum og síðan systkini hans og afkomendur þeirra fyrir fasteignamatsverð. Fasteignamat Óss er kr. 28.800.00. Þinglesin heimild er engin til um það, hvenær Einar Ásmundsson eignaðist Ós, en í bréfi hans til Árna Thorsteinssonar landfógeta, dags. 5. jan. 1886, (Lbs. 2419, 4to), segir svo meðal annars: „Samið hef ég nú til fulls um kaupin á Ósi og tekið á mig þá þungu byrði að borga jörðina með ýmsu, sem fylgir í kaupinu, 9000 kr. í fardögum“. Guttormur, sonur Einars í Nesi, fluttist að Ósi árið 1886, vafalaust í fardögum, og hóf þar búskap.

Stefndu byggja mótmæli sín gegn kröfu stefnenda á því, að jörð verði ekki ættarjörð, nema öruggar heimildir liggja fyrir um, að hún fullnægi skilyrðum til þess, sbr. 26. gr. laga nr. 116/

1943, og lög nr. 16/1950, 3. gr. Þá er og á það bent af þeirra hendi, að samkvæmt 33. gr. laga nr. 116/1943 skuli sýslumenn halda skrá um jarðir, sem falla undir ákvæði 26. gr. laganna, og skuli sú skrá endurskoðuð á manntalsþingum árlega. Skal þess getið í afsals- og veðmálabókum, að jörð sé ættarjörð. Um Ós sé það að segja, að sú jörð hafi ekki verið lýst ættarjörð samkvæmt þessum lagaákvæðum. Stefnendur telja, að í framan- greindri tilvitnun úr bréfi Einars Ásmundssonar til Árna Thorsteinssonar felist það einungis, að sala jarðarinnar hafi átt að fara fram í fardögum 1886, en kaupsamningur hafi verið gerður fyrir 5. janúar það ár. Þótt kaupsamningurinn hafi verið gerður, hafi eignaryfirfærsla ekki átt sér stað. Sé því ljóst, að jörðin hafi ekki verið full 75 ár í eigu Einars Ásmundssonar og niðja hans, þegar stefndi Einar Guttormsson seldi meðstefnda Stefáni Júlíussyni jörðina hinn 27. marz 1961.

Til vara byggja stefndu sýknukröfu sína á því, að þegar kaupin réðust milli þeirra um Ós þegar á árinu 1960 og allt til 20. marz 1961, er stefndu mótmæltu sölunni, hafi þeir enga hugmynd haft um það, að haldið yrði fram, að jörðin væri ættarjörð, enda hafi afsals- og veðmálabækur ekki borið slíkt með sér. Hafi báðir aðiljar verið í góðri trú og stefndi Stefán, kaupandi jarðarinnar, öðlazzt rétt sinn til jarðarinnar fyrir traustfang, jafnvel þótt svo yrði litið á, að jörðin sé ættarjörð.

Að því er snertir aðalsýknuástæðu hinna stefndu, veltur mál þetta á því, hvernig túlka beri hin tilvitnuðu ummæli Einars í Nesi í bréfinu til landfógeta: Samið hef ég nú til fulls um kaupin á Ósi o. s. frv. Af ummælum þessum þykir mega ráða það með vissu, að þá hafi verið kominn á kaupsamningur um jörðina. Hins vegar er ekki hægt að fullyrða, að Einar í Nesi hafi þá verið orðinn eigandi hennar, og heimildir skortir til þess, að úr því verði skorið, hvenær hann öðlaðist eignarréttinn. Af þinglýstu skjali, dags. 17. júlí 1886, verður þó séð, að þá telur Einar sig eiga jörðina.

Til þess að jörð verði talin ættarjörð gegn vilja eiganda hennar, verða að vera fyrir hendi óyggjandi sannanir fyrir því, að hún hafi verið samfelld í ábúð eða eign sömu ættar í 75 ár eða lengur, þar sem hér getur verið um að ræða stórkostlegt fjárhagsatriði fyrir eigandann, og kynni þá að þurfa rannsóknar við, hvort lagaákvæði um ættarjarðir væri að öllu leyti samrýmanlegt 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Slíkar rannsóknir eru ekki fyrir hendi um jörðina Ós, sem

um ræðir máli í þessu. Veltur þar að vísu á fáum mánuðum. Var stefnda Einari því frjálst að ráðstafa henni á þann hátt, sem hann gerði. Þegar af þessari ástæðu ber að sýkna hina stefndu af kröfum stefnenda í málinu.

Eftir þessari niðurstöðu þykir rétt, að stefnendur greiði stefndu kr. 6000.00 upp í málskostnað.

Dómsorð:

Stefndu, Einar Guttormsson og Stefán Júlíusson, skulu vera sýknir af kröfum stefnenda, Arnalds Guttormssonar, Egils Guttormssonar, Þórunnar Guttormsdóttur, Valgerðar Guttormsdóttur og Margrétar Guttormsdóttur, í máli þessu.

Stefnendur greiði hinum stefndu kr. 6.000.00 upp í málskostnað.

Miðvikudaginn 6. júní 1962.

Nr. 169/1961. **Hafsilfur h/f** (Benedikt Sigurjónsson hrl.)

gegn

Sighvati Snæbjörnssyni og gagnsök

(Ragnar Jónsson hrl.).

Dó m e n d u r:

.....
 hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason,
 Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og Magnús P. Torfason
 prófessor.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. nóvember 1961. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. nóvember 1961. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 232.275.75 eða aðra lægri fjárhæð að mati dómsins ásamt vöxtum, eins og í héraðsdómi greinir. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.